RÚV OKKAR ALLRA
TIL FRAMTÍÐAR

STEFNA TIL 2021



EFNISYFIRLIT

Inngangur 2
- Hvað ætlum við að gera? 4
- Hver var staðan í upphafi? 4
- Áskoranir samtímans 5
- Staða RÚV 6
- Fjölmiðlar á breytingaskeiði 8
- Nýr stafrænn heimur 10
- Almannaþjónusta í nýju landslagi 11

Aðflug 13
- RÚV í samhengi við umheiminn 14
- Opið og víðtækt samtal 15
- Kjarninn 18

Stefna RÚV 2021 19
- Lykilhugtök 20
- Hlutverk 21
- Framtíðarsýn 22
- Gildi 23
- Stefnuáherslur 24
- Áherslur í innra starfi 29
- Traustur fjárhagur er grunnforsenda 33
- Aðgerðir 34

North Pole 2800 Km
South Pole. 12360 Km
Herðubreið 99 Km
Mount Kerling. 12 Km
SÚLUR 5 Km
Grímsey 99 Km
Laugafell 70 Km
Eyjafjallajökull 237 Km
RUV.IS
RÚV
FRÉTTIR

INNGANGUR

Í nær níutíu ár hefur Ríkisútvarpið verið förunautur íslensku þjóðarinnar á stóru stundunum og í hversdeginum. RÚV hefur verið háskóli alþýðunnar, uppspretta skemmtunar og fróðleiks. Íslendingar nýta sér þjónustu RÚV ríkulega og staðan er á margan hátt sterk. Á tímum örra breytinga á öllum sviðum fjölmiðlunar er rétt að horfa fram á veginn og spyrja hvernig RÚV þjónar íslenskum almenningi sem best á næstu árum.

Miklar breytingar hafa orðið á fjölmiðlum á undanförnum árum. Tæknin hefur breyst, samfélagið hefur breyst og kröfurnar til fjölmiðla líka. Almannaþjónustumiðill uppfyllir ekki hlutverk sitt nema hann sé í sambandi við almenning – ekki bara hluta, heldur allan almenning. Til þess þarf RÚV að þróast og taka breytingum, mæta tvístraðri fjölmiðlanotkun og ólíkari þörfum en áður. Stefnan sem lýst er í þessu stefnuskjali er sýn RÚV á næstu ár og fyrirheit um hvernig tryggja á trausta, spennandi og framsýna íslenska almannaþjónustu. Mikil vinna liggur að baki þessari vinnu og henni er lýst í aðflugskaflanum í upphafi. Fjölmargir komu að stefnumótuninni sem byggir á lögum um RÚV og þjónustusamningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, en stjórn RÚV samþykkti stefnuna á fundi í lok apríl 2017.

Hjartað í þessari stefnu er íslenskur almenningur, eigendur Ríkisútvarpsins. Þegar almenningur notar það sem RÚV gerir, eða nýtur þess, skapast virði - og það er takmark okkar: að vera þjóðinni verðmæt.

Magnús Geir Þórðarson,
útvarpsstjóri

HVAÐ ÆTLUM VIÐ AÐ GERA?

RÚV er almannaþjónustumiðill í eigu íslensks almennings og vill upplýsa, fræða og skemmta á hverjum degi. En hvað þýðir það árið 2021? Hvernig tryggjum við að RÚV þjóni öllum Íslendingum þar sem þeir vilja og þegar þeir vilja á næstu árum? Hvernig tryggjum við öfluga og óhlutdræga fréttaveitu fyrir alla þar sem mikilvægar upplýsingar berast hratt og örugglega og þar sem kafað er á dýptina? Hvernig tryggjum við þjónustu við nýjar kynslóðir í sífellt tvístraðra samfélagi? Hvernig á að bregðast við gjörbreyttu fjölmiðlalandslagi og tækni? Þessar og fleiri spurningar lágu til grundvallar þegar hafist var handa við að móta stefnu RÚV til 2021. Stefnan skyldi vera nánari útfærsla á hlutverki RÚV og hvernig það væri útfært í aðgerðum út frá tilteknum settum markmiðum.

HVER VAR STAÐAN Í UPPHAFI?

Hlutverk og skyldur RÚV eru skilgreindar í lögum um Ríkisútvarpið sem og í þjónustusamningi RÚV við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Stefnumótun RÚV byggir á þeim grunni og fyllir nánar út í myndina. Ytri aðstæður hafa verið krefjandi fyrir Ríkisútvarpið. Þjónustutekjur hafa ítrekað verið lækkaðar og útvarpsgjaldið hefur lækkað mikið á síðustu árum, eins og gerð hefur verið grein fyrir á öðrum vettvangi. Frá því að Ríkisútvarpið ohf. var stofnað árið 2007 hefur ítrekað komið til harkalegra niðurskurðaraðgerða og starfsmönnum hefur fækkað um nærri þriðjung á fárra ára tímabili. Niðurstaðan er sú að RÚV hefur á síðastliðnum tíu árum oft verið í vörn á sama tíma og sóknar var þörf. Athygli stjórnenda hefur í of miklum mæli þurft að beinast að fjármálum og rekstri þegar við blöstu stefnumótandi áskoranir vegna breytts fjölmiðlalandslags og samfélags.

ÁSKORANIRSAMTÍMANS

Á gildistíma núverandi þjónustusamnings bendir fátt til þess að sá þröngi stakkur sem RÚV er nú búinn taki verulegum breytingum. Á sama tíma er ríkuleg krafa um aukna og fjölbreyttari þjónustu hvort sem er í útvarpi og sjónvarpi eða á nýjum vettvangi. Í þessari stöðu lítur RÚV svo á að það sé skylda fjölmiðils í almannaþágu að sýna í orði og verki hversu mikilvægt hlutverk almannamiðils er í nútímasamfélagi.

Fjölmiðlaneysla almennings tekur stökkbreytingum. Hún tvístrast – sjónvarp er ekki lengur „baðstofan“ nema þegar stórviðburðir í beinni útsendingu eru á dagskrá. Útvarpshlustun er að breytast og vefurinn tekur við mörgum verkefnum, gerir aðrar kröfur og þjónar tvístruðum og þá jafnframt minni hópum hverju sinni.

Nú er flóknara en áður að ná til allra hópa samfélagsins og uppfyll hlutverk almannaþjónustumiðilsins. Til þess þarf að stokka upp forgangsröðun og hugmyndir okkar um fjölmiðlun.

RÚV í dag

- **70%** landsmanna nýta sér þjónustu RÚV daglega
- **116 mínútur** er dagleg meðalnotkun hvers íslendings
- **59%** hlutdeild í sjónvarpsáhorfi landsmanna
- **50%** hlutdeild í hlustun landsmanna
- **68%** telja RÚV mikilvægasta miðil landsins
- **69%** bera mikið traust til RÚV

STAÐA RÚV

Staða RÚV er sterk. Áhorf og hlustun er afar góð. Viðhorfskannanir benda til mikillar ánægju almennings með þjónustu RÚV samkvæmt mælingum. Vinnustaðagreining sýnir jákvætt viðhorf starfsmanna og að ánægja þeirra með vinnustaðinn hefur farið vaxandi. Á síðustu misserum hafa nýjar áherslur verið innleiddar þar sem innlent efni, menningarefni og þjónusta við börn hefur verið sett í forgang og efni sem RÚV kemur að er eftirsótt á erlendri grundu. RÚV hefur hlotið viðurkenningar fyrir árangur á sviði jafnréttismála. Eftir mjög erfið ár allt frá hruni og mikinn niðurskurð hefur náðst jafnvægi í rekstri sem hefur verið hallalaus frá árinu 2014. Sala á byggingarrétti á lóð við Efstaleiti hefur skilað mikilli skuldalækkun þó langtímaskuldir séu enn of háar. En um leið er ljóst að þessi staða helst ekki óbreytt af sjálfu sér. Þróun innviða og hæfni í takt við hraða tækniþróun hefur einnig dregist nokkuð aftur úr á þessu tíu ára óvissutímabili og við því þarf að bregðast. Fyrirsjáanlegar þjónustutekjur til næstu ára, sem bundnar eru í þjónustusamningi út árið 2019, skapa dýrmætt tækifæri til þess að horfa á verkefnið í víðara ljósi, mynda stefnu og taka forystu í umræðunni um þróun fjölmiðlaþjónustu í almannaþjónustu til framtíðar.

Innra umhverfið

- Vinnustaðargreining sýnir sterka stöðu
- Umbætur á húsnæði
- Stór græn skref og heilsuefling
- Bætt skipulag, ferlar og áætlanir
- Skýr stefna til framtíðar



Ytra umhverfi

- Notkun mikil á öllum miðlum
- Jákvæðara viðhorf en nokku sinni til RÚV ohf
- Langmikilivægasti og traustasti miðillinn
- Ríkur stuðningur við áherslubreytingar
- Skýr stefna til framtíðar

Fjárhagslegt öryggi

- Jafnvægi í rekstri – hallalaus síðustu 2 ár
- Mikil skuldalækkun við sölu lóðar
- Þjónustusamningur – trygg fjármögnun til framtíðar



FJÖLMIÐLAR Á BREYTINGASKEIÐI

Íslenski fjölmiðlamarkaðurinn hefur þróast mikið á stuttum tíma. Mikil breyting hefur orðið í samsetningu fjölmiðlafyrirtækja þar sem fjarskiptafyrirtæki eru að taka yfir ljósvakamiðla. Þessi mikla samþjöppun felur í sér breyttar áherslur í dagskrárframboði og viðskiptalíkani hefðbundinna fjölmiðla.

Alþjóðlegar efnisveitur hófu innreið sína á íslenskan markað fyrir skömmu og hafa valdið straumhvörfum sem kollvarpa eldri viðskiptalíkönum einkafjölmiðla. Samskiptamiðlar hafa á sama tíma umbreyst í efnisveitur sem byggja þó ekki síst á efni frá hefðbundnum fjölmiðlum í blandi við innlegg notenda. Framboð og magn fjölmiðlaefnis hefur stóraukist enda geta notendur nú sótt sér efni alls staðar að úr heiminum frá samfélagsmiðlum og streymisveitum á borð við YouTube, Facebook og Netflix. Hér á Íslandi þýðir þetta að aðgangur að erlendu efni er mun greiðari, sér í lagi bandarísku afþreyingarefni. Heildarnotkun almennings á sjónvarps- og útvarpsefni hefur aukist í klukkutímum talið en skiptist niður á fleiri tæki og dreifileiðir en fyrr. Ör tækniþróun gerir almenningi kleift að neyta fjölmiðlaefnis með öðrum hætti en áður. Þessi breytta notku hefur leitt til nýrra krafn um úrval og aðgengi.

BT
sky
COMCAST
21ST CENTURY FOX
itv
Google
facebook
amazon
VIACOM
NETFLIX
BBC
Discovery
Time Warner Cable
Disney

NÝR STAFRÆNN HEIMUR

Tækniþróun hefur áhrif á grundvöll fjölmiðlaþjónustu um allan heim – líka á RÚV. Samfélagið tekur jafnframt breytingum. Hlutfall eldra fólks vex og kröfur þeirra sem yngri eru verða sífellt fjölbreyttari. Krafa um einstaklingsmiðaða miðlun tekst á við hugmyndir um forsendur almannaþjónustu.



RÚV stendur andspænis sömu áskorunum og tækifærum og aðrir almannaþjónustumiðlar og fjölmiðlar almennt sem leita ákaft að bestu leiðunum til að bregðast við þeim grundvallarbreytingum á hegðun notenda, fjölmiðlamarkaði og samfélagi sem orðið hafa og verða á næstu árum. Samband evrópskra sjónvarpsstöðva, EBU, dregur þessar breytingar á samfélagi og menningu Evrópu saman í tvo meginkrafta, tvístrun og stafræna tækni. Tvístrunin kemur til vegna aukinnar einstaklingshyggju, hnattvæðingar, borgarvæðingar og dvínandi trausts á stofnunum og hefðum. Tækniþróun er meginhvatinn að hinum stafræna krafti sem er í hröðum vexti.

ALMANNAÞJÓNUSTA Í NÝJU LANDSLAGI

Í framtíðarsýn EBU, Vision 2020, er því spáð að áframhaldandi þróun tvístraðra net- og tæknisamfélaga sé sú grundvallarbreyting sem hafa muni mest áhrif á framtíð almannaþjónustumiðla í Evrópu.

Eitt lykilverkefni almannafjölmiðla hefur verið að veita almenningi óhlutdrægar og áreiðanlegar upplýsingar svo að borgarar geti tekist á við þessar breytingar, myndað sér skoðun og tekið upplýstar ákvarðanir. Og má til sanns vegar færa að þörfin hafi aldrei verið meiri í ljósi ofangreindra samfélagsbreytinga.

Ef standa á vörð um grunnmarkmið almannamiðla, það er að segja að efla hæfni fólks til athafna og ákvarðana í lýðræðissamfélagi og styrkja menningu, tungu, samstöðu og félagsauð í samfélaginu, dugar ekki að framboð efnis sé fjölbreytt heldur er jafnmikilvægt að almenningur geti fundið þjónustuna og nýti sér hana í raun og veru. Aðeins þannig er hægt að sjá fyrir sér að grunnmarkmið fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu séu uppfyllt til framtíðar. Enn fremur mun það hafa úrslitaáhrif á framtíð almannaþjónustu, jafnframt stórauknu aðgengi, að miðluninni sé ritstýrt á þann hátt að notendur hafi aðgang að efni sem sem víkki áhugasvið hvers og eins. Til að almannaþjónustumiðill geti uppfyllt grunnmarkmið sín til framtíðar - verði hann sem sagt að vera til staðar á hverjum þeim vettvangi sem fólk notar á hverjum tíma, bæði á hefðbu dnum útvarps- og sjónv rpsrásum sem og öllum stafrænum miðlunarleiðum.

Önnur stór áskorun, sem jafnframt felur í sér mikil tækifæri, er að mikil þörf er á meira framboði af innlendu efni fyrir börn og ungmenni. Til að tryggt sé að efnið nái til þeirra verða almannamiðlarnir því að hafa ramma sem geri það mögulegt að endurhugsa frá grunni þróun, framleiðslu og dreifingu á þeim miðlunarleiðum sem yngri kynslóðir kjósa að nota. Almannamiðill þarf í stórauknum mæli að nýta þá möguleika sem stafrænar miðlunarleiðir bjóða upp á í formi þátttöku, samtals og óhindraðs aðgangs að spennandi efni sem höfðar til yngri hópa.

Þriðja stóra áskorunin er að stafræn samfélög kalla á að opnað sé eins mikið og mögulegt er á ókeypis vefaðgang almennings að heildardagskrárefni almannaþjónustumiðlanna, þar með talið eldra efni úr safni þeirra. Skýr krafa er enn fremur um að svæðisbundin miðlun sér styrkt. Rammíslenskar sögur sem spretta úr nærsamfélaginu ná augum og eyrum fólks um víða veröld í stafrænum heimi. Í því samhengi hefur verið kallað eftir því hvernig best sé að móta langtímastefnu um samvinnu milli almannaþjónustumiðla, einkamiðla og opinberra stofnanna. Í slíkri stefnu kæmi fram mat á hvernig allir viðeigandi aðilar geti fundið samstarfsfleti til góðs fyrir alla sem myndi þannig auka heildarávinning samfélagsins.

AÐFLUG

RÚV Í SAMHENGI VIÐ UMHEIMINN

Áherslurnar sem settar eru fram í stefnunni taka mið af lykilbreytingum í ytra umhverfi, straumum og stefnum í gildismati, viðhorfi og hegðun neytenda, þróun fjölmiðlamarkaðar og stöðu almannaþjónustumiðla. Þetta er sett í samhengi við Ísland og RÚV.

RÚV er ekki eini almannaþjónustumiðillinn sem horfir gagnrýnum augum á hlutverk sitt í breyttu fjölmiðlalandslagi og spyr hvernig tryggja eigi óhlutdræga þjónustu sem á erindi við alla landsmenn til framtíðar. Aðrir almannaþjónustumiðlar hafa einnig lagst í rannsóknarvinnu og mótað sér stefnu um hvernig uppfylla eigi væntingar almennings og kröfur um heildstæða almannaþjónustu á sama tíma.

Stýrihópur RÚV rýndi stefnuskjöl systurstöðva á hinum Norðurlöndunum, á Írlandi og Bretlandseyjum auk umfangsmikilla rannsókna frá EBU, sambandi evrópskra sjónvarpsstöðva. Staða RÚV, hlutverk og áskoranir voru bornar saman við stöðu annarra miðla og þær leiðir sem þeir hafa valið. Stefnuskjal RÚV til næstu ára á sér skýran samhljóm með þeim. RÚV er vissulega íslenskur almannaþjónustumiðill í landslagi sem er ekki nákvæmlega eins og annars staðar en því fer fjarri að RÚV sé um allt einstakt og geti ekkert af öðrum lært.

Meðal lykilniðurstaðna annarra, þar á meðal EBU, er að færa verði fjármuni úr hefðbundinni útvarps- og sjónvarpsvinnslu í ný, stafræn verkefni auk þess að auka þurfi til muna skilning á þeim heimi innan almanaþjónustunnar. Þótt mikilvægt sé að sjónvarp og útvarp tileinki sér stafræna hugsun megi þessir miðlar ekki taka yfir heldur verði nýir miðlar að þróast á eigin forsendum og forsendum almennings sem sé eina viðmiðið um tilgang og mikilvægi tiltekinnar þjónustu.



OPIÐ OG VÍÐTÆKT SAMTAL

Að lokinni greiningu á stöðu RÚV, þróun fjölmiðla og tækni, rýni á stefnu og rannsóknum annarra var samtalið við bæði almenning og starfsmenn RÚV opnað upp á gátt. Opnuð var vefgátt í september 2016 undir yfirskriftinni „Vertu með í að móta framtíðina“ þar sem 1.450 landsmenn tóku þátt í að svara eftirfarandi spurningum um hvað í þjónustu RÚV þeim þætti vænst um og hvað RÚV ætti að leggja meiri og minni áherslu á í framtíðinni. Þátttakendur völdu fimm gildi sem mikilvægust voru að þeirra mati fyrir RÚV, tilgreindu mikilvægustu þætti starfseminnar að þeirra mati og svöruðu hversu mikilvægt það væri þeim að RÚV þróaði miðlun og viðmót dagskrárefnis fyrir snjalltæki til viðbótar við núverandi miðlunarleiðir. Í júní 2016 var lögð netkönnun fyrir alla starfsmenn RÚV þar sem spurt var um styrkleika og veikleika í starfsumhverfinu og helstu áhersluatriði til framtíðar.

Í júlí og ágúst 2016 voru haldnar þrjár vinnustofur þar sem þversniði af starfsmönnum RÚV af öllum sviðum var boðið til þátttöku. Alls tóku um 60 manns þátt í þeim. Í maí, september og desember voru enn fremur haldnar vinnustofur með stjórn RÚV og lykilstjórnendum.

Í júní 2016 tóku ráðgjafar Capacent einstaklingsviðtöl við stjórnarmenn Ríkisútvarpsins ohf, stjórnendur og lykilstarfsmenn hjá félaginu, alls um 30 manns. Í desember 2016 efndu ráðgjafar Capacent til samtals við breiðan hóp annarra hagaðila sem starfa í umhverfi RÚV. Var afstaða þeirra til RÚV og tiltekinna þátta í starfseminni greind með rafrænni könnun og viðtölum við fulltrúa frjálsra félagasamtaka, stjórnendur mennta- og menningarstofnana, einkarekinna fjölmiðla og annarra hagsmunahópa þar sem snertifletir þessara aðila við stefnu RÚV voru dregnir upp.

Þá kannar RÚV reglulega áhorf og hlustun, framkvæmir árlega viðhorfskönnun og traustsmælingu og er í stöðugu sambandi við áhorfendur og hlustendur í gegnum ábendingagáttir á vef og samfélagsmiðlum. Þessi gögn hafa verið greind jafnhliða yfir allt tímabilið af stýrihópi með sérstaka hliðsjón af stefnumótunarvinnunni.

Af ofangreindu má ráða að umfangsmikill gagnabanki lá til grundvallar stefnumótunarvinnunni. Úrvinnslan var gagnrýnin og þess gætt að hvert einasta stefnumið ætti sér raunveruleikatengingu og að aðgerðir væru beintengdar þeim. Þannig varð til stefnuskjal þar sem framtíðarsýn RÚV er útskýrð og liggur til grundvallar þeim aðgerðum sem RÚV mun ráðast í til loka árs 2020 til að uppfylla þau markmið sem sett eru fram.



Þannig má segja að nálgunin við mótun stefnunnar hafi verið úr tveimur áttum. Í fyrsta lagi í gegnum viðtöl, kannanir og gagnaöflun hér á landi og hins vegar með því að rýna í stóru breytingarnar allt í kringum okkur. Á þessu byggir ný stefnu RÚV. Þar er framtíðarsýnin og stefnumiðin sjálf auðvitað mikilvægust – en þau hvíla hins vegar á styrkum innri stoðum.



KJARNINN

Kjarni nálgunar í stefnumótuninni felst í því að skilgreina alla þjónustu og verkefni RÚV, stór sem smá, út frá því virði sem verður til hjá almenningi, eigendum og notendum. Almenningur er því hjarta almannaþjónustunnar.

STEFNA RÚV TIL 2021

LYKILHUGTÖK

Stefnumótun
Stefnumótun er rammi. Lög um fjölmiðla nr. 38/2011 og lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu nr. 23/2013 mynda ramma utan um stefnumótunina og hlutverk félagsins. Í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og RÚV til ársloka 2019 eru áherslur í stefnumótuninni útfærðar nánar. Stefnumótun felst í því að móta leiðirnar sem RÚV velur til að mæta væntingum þjóðarinnar og þeim markmiðum sem kveðið er á um í lögum og þjónustusamningi. Þessum leiðum þarf síðan að forgangsraða.

Framtíðarsýn
Framtíðarsýn lýsir þeirri stöðu sem RÚV stefnir að – og hvaða áhrifum og árangri RÚV vill ná í samræmi við hlutverk sitt. Þannig er framtíðarsýnin ekki sjálfmiðuð heldur lýsir hún þeirri stöðu sem RÚV vill skapa sér: Að fyrirtækið hafi hlutverki að gegna til að hér á landi búi víðsýn og vakandi þjóð.

Hlutverk
Í hlutverki felst meginkjarninn í tilvist fyrirtækis. Af hverju er RÚV í raun til og hvað er það nákvæmlega sem drífur starfsemina áfram? Hverju er verið að reyna að ná fram á hverjum degi? Hvað er það sem ekki má missa sjónar af og allt starf á að taka mið af? Hlutverkið dregur fram tilgang fyrirtækis, stundum á dálítið hátíðlegan hátt en um leið þær áherslur sem tilvist þess byggist á.

Gildi
Gildi eru kjarni fyrirtækis og eiga að hafa áhrif á hegðun starfsfólks, bæði inn á við og út á við. Gildin eru alltumlykjandi og allar ákvarðanir eiga að taka mið af þeim. Gildi RÚV leggja grunn að menningu sem er ríkjandi innan félagsins og einkenna hegðun, atferli og framkomu alls starfsfólks. Við einblínum ekki einungis á það sem við gerum, heldur líka hvernig og hvers vegna.

Stefna
Stefna byggist á framtíðarsýn og hlutverki RÚV. Stefnan er að RÚV standi undir hlutverki sínu og nái þeim markmiðum sem sett eru með framtíðarsýninni. Hún hefur bein áhrif á skipulag og mannauðsmál. Stefnan er leiðarljós RÚV næstu árin og um leið loforð gagnvart samfélaginu. Loforð sem myndar grunn að mati á árangri og mælikvörðum alls starfs.

Framtíðarsýn byggir á hlutverki RÚV. Í stefnunni felast síðan áherslur sem RÚV fylgir til að nálgast þessa sýn. Þar koma fram loforð RÚV til samfélagsins. Gildin eru síðan kjarninn, það sem einkennir vinnubrögð og viðhorf starfsfólks.

Mikilvægt er að stefnuskjalið sé lesið í heild sinni þar sem heildarmyndin sýnir hvernig einstakir þættir tengjast innbyrðis og mynda skynsamlega niðurstöðu. Til að skilja einstaka þætti, þarf að þekkja heildina.

Textinn í stefnuskjalinu er almennt skrifaður í nútíð. Áherslum er lýst eins og þær séu orðnar að staðreynd í stöðu RÚV í stað þess að textinn sé skrifaður með það í huga að stefnt sé að tiltekinni stöðu. En með því að hafa textann í nútíð skapast meiri þungi og hvati til að vinna markvisst í takti við áherslurnar.

VEKJA
VIRKJA
EFLA

HLUTVERK

- RÚV ræktar hlutverk sitt með því að upplýsa, fræða og skemmta, virkja landsmenn og hreyfa við þeim.
- RÚV gætir almannahagsmuna, kannar og útskýrir og dýpkar þannig bæði umræðu og menningu.
- RÚV miðlar íslenskri menningu, skapar, hlúir að tungu og tíðaranda og ræktar samfélagið.
- RÚV fangar og varðveitir sögu þjóðarinnar og miðlar henni áfram á aðgengilegan hátt.
- RÚV er mikilvægur hlekkur í öryggiskerfi landsins.
- RÚV er fjölmiðill í almannaþjónustu, sveigjanlegt, hagkvæmt og stafrænt fyrirtæki.

VAKANDI OG VÍÐSÝN ÞJÓÐ

FRAMTÍÐARSÝN

- RÚV eflir samfélagið og þjónar því. Í upplýstu og víðsýnu samfélagi deilir fólk sameiginlegri upplifun og viðburðum, hefur tök á að kynna sér ólík sjónarmið umræðunnar og svigrúm til að fræðast og njóta menningar og afþreyingar þegar því hentar.
- RÚV er óhlutdræg íslensk upplýsinga- og efnisveita sem gerir fólki kleift að víkka sjóndeildarhring sinn og setja samfélagið og umheiminn í samhengi.
- RÚV gegnir virku frumkvöðlahlutverki í öflugu samstarfi við ólíka hópa og hefur uppbyggilegt forystuhlutverk í íslenskri fjölmiðlun. Það auðgar daglegt líf fólks á Íslandi og er kjölfesta í umræðu og skynjun landsmanna allra.

HEILINDI
GÆÐI
HUGREKKI
SAMVINNA

GILDI

Heilindi

Heiðarleiki er grundvöllur þess dýrmæta trausts og trúverðugleika sem RÚV nýtur í samfélaginu. Við byggjum á staðreyndum, stöndum við gefin loforð, uppfyllum kröfur og viðurkennum mistök. Við treystum hvert öðru, ástundum gagnsæ vinnubrögð og erum uppbyggileg.

Gæði

Gæði eru hornsteinn í öllu starfi okkar við að skapa og miðla góðri dagskrá. Gæði verða til þegar væntingum er mætt. Þess vegna setjum við okkur skýr fagleg viðmið og ástundum góð og samræmd vinnubrögð í hvívetna.

Hugrekki

Við þurfum oft að vera hugrökk, hugsa út fyrir rammann og reyna nýjar leiðir. Við höfum hugrekki til að vera forvitin, læra nýja hluti, prófa og breyta. Við stöndum vörð um hagsmuni almennings og veltum við steinum.

Samvinna

Við erum öll í sama liði. Við vinnum saman, innan RÚV og í samstarfi við aðra. Við miðlum hugmyndum og upplýsingum sem leiða til betri ákvarðana og nýsköpunar. Við erum góðir félagar og treystum á árangur teymisins. Saman berum við ábyrgð á árangri heildarinnar.

Meginmarkmið:
Mæta þörfum og auka aðgengi fólksins



STEFNUÁHERSLUR

FYRIR ÞIG

- RÚV er íslenskur fjölmiðill í þjónustu almennings.
- Hjartað í starfseminni er fólkið í landinu. Mat á árangri RÚV byggist á áhrifunum sem þjónustan hefur.
- RÚV starfar fyrir íbúa á Íslandi og Íslendinga erlendis. Áherslur í dagskrá spegla íslenskt mannlíf á víðtækan og fjölbreyttan hátt.
- RÚV hlustar og tekur mark á almenningi með markvissri notkun rýnihópa, gagna og kannana. Það endurspeglast bæði í þjónustunni og skipulagðri leit að hugmyndum frá almenningi.
- Mannlífi um land allt er miðlað á markvissan hátt til samfélagsins og stöðugt er unnið að kynjajafnrétti í dagskrá og starfsemi.
- RÚV lítur á það sem hlutverk sitt að stuðla að víðsýni á tímum miðla sem byggja á reiknilíkönum í stað ritstjórnar. Vaxandi krafa um einstaklingsmiðaða þjónustu má ekki verða til þess að sjóndeildarhringur hvers og eins þrengist.

Meginmarkmið:
Þjóna betur ungu fólki

FYRIR FRAMTÍÐINA

- Almannaþjónusta á að ná til allra aldurshópa. Til að RÚV uppfylli grunnhlutverk sitt er mikilvægt að unga fólkið finni og noti þjónustu þess, eins og þeir sem eldri eru.
- Þarfir og kröfur yngri kynslóða breytast örar en þeirra sem eldri eru. RÚV verður því stöðugt að vera vakandi fyrir breyttum þörfum þessa hóps. Það kallar á þróun nýrra miðlunarleiða, tækni og samskiptahátta, sem flýta framþróun RÚV um leið og gætt er að efnisframboði sem talar til hópsins.
- Sérhvert efni RÚV er þróað, unnið og miðlað heildstætt fyrir alla miðla með það að markmiði að það nái sem best til þeirra sem það er ætlað. Það krefst endurhugsunar á hlutverkum, nýrrar hæfni og aukinnar samvinnu.
- RÚV vinnur markvisst að þróun nýrra leiða, lausna og efnis. Í því tekur RÚV sér til fyrirmyndar aðferðafræði sprotafyrirtækja og skapar umhverfi til samstarfs og þróunar utan hefðbundins ramma daglegrar starfsemi.
- Tæknin styður RÚV í að standa við hlutverk sitt og stefna í átt að framtíðarsýn sinni; að auka gæði dagskrár og tryggja að almenningur geti með auðveldum hætti nálgast hana og deilt henni.
- Unga fólkið er framtíðin; því er það forgangsverkefni að kynnast því betur og virkja það, smíða brýr milli kynslóða, sagnaarfs og samtímasögu.

Meginmarkmið:
Efla sköpun og miðlun íslenskrar menningar

FYRIR MENNINGU

- RÚV er stærsta menningarstofnun þjóðarinnar; lífæð lista, menningar og íþrótta í landinu. RÚV varðveitir og miðlar menningu, jafnframt því að stunda frumsköpun verka. Umfjöllun RÚV á öllum vettvangi er djúp, kraftmikil og djörf, upplýsandi og gagnrýnin. RÚV leitar í grasrótina og vekur athygli á nýsköpun.
- Lögð er sérstök rækt við íslenska tungu í öllu starfi RÚV. Áhersla er lögð á vandað mál í öllum miðlum ásamt því að upplýsa og fræða landsmenn um mál og málnotkun. Slíkt er sérstaklega mikilvægt nú þegar afþreying á erlendri tungu er aðgengilegri en áður.
- RÚV er virkur þátttakandi í sköpun menningar. RÚV leggur áherslu á framleiðslu leikins efnis, þar sem sagðar eru sögur úr næsta umhverfi; sögur sem eiga sérstakt erindi við íslenska þjóð á sama tíma og ofgnótt er af sögum sem spegla erlendan veruleika.
- RÚV fylgir íslensku afreksfólki á stórmót og segir áhugaverðar sögur af því. Með uppbyggilegri og fjölbreyttri umfjöllun um íþróttalífið í landinu, íþróttaiðkun og hvers kyns hreyfingu, ekki síst meðal barna og unglinga, eflir RÚV lýðheilsu.
- RÚV leggur áherslu á að samtímasagan sé fönguð, henni miðlað og hún skráð. Um leið varðveitir RÚV menningararfinn sem felst í safni RÚV og gerir hann aðgengilegan. Það er viðvarandi verkefni. Samtíminn er gullkista framtíðarinnar.



Meginmarkmið:
Vera snarpari og dýpri

FYRIR SJÁLFSTÆÐI

- RÚV er ein mikilvægasta og traustasta veitan fyrir upplýsingar út í samfélagið.
- RÚV sinnir frétta- og öryggishlutverki sínu alla daga, allt árið. RÚV starfar í þágu almannahagsmuna. Sjálfstæði, traust og óhlutdrægni eru lykilhugtök í því hvernig RÚV nálgast lýðræðishlutverk sitt.
- RÚV stundar vandaða umfjöllun og rýnir störf þeirra stjórnvalda, félaga og fyrirtækja sem hafa áhrif á hag almennings. RÚV leggur áherslu á að rannsaka og brjóta til mergjar málefni, bæði í daglegri umræðu og þau sem liggja undir yfirborðinu.
- RÚV vill tryggja að sjónum sé beint að öllum hliðum mannlífs og menningar; varpar ekki síður ljósi á hið jákvæða en hið neikvæða og gefur heildstæða mynd af atburðum, samfélagsþróun og menningu. Í allri umfjöllun er horft til fortíðar og nútíðar en ekki síður til framtíðar. Lögð er áhersla á að fjalla um og sýna íslenskt mannlíf í samhengi við umheiminn og umheiminn í samhengi við Ísland.
- RÚV gætir jafnvægis milli hraðrar símiðlunar og dýpri umfjöllunar sem krefst tíma og þolinmæði. Krafa um hraða má aldrei vera á kostnað áreiðanleika og gæða.
- RÚV er mikilvægur hlekkur í öryggiskeðju landsins, leggur rækt við það hlutverk og horfir til þess við þróun nýrra miðlunarleiða í samvinnu við aðrar öryggisstofnanir landsins. Þegar vá ber að höndum er viðbragð RÚV fumlaust og miðlun upplýsinga traust.



Meginmarkmið:
Virkja og hvetja samfélagið

FYRIR SAMFÉLAGIÐ

- RÚV starfar í alþjóðlegu umhverfi fjölmiðla, framleiðenda, efnisveitna og samfélagsmiðla og þarf að taka stöðugt mið af þeirri þróun. RÚV kappkostar að vera leiðandi í gerð og miðlun íslensks dagskrárefnis og stuðla þannig að framþróun fjölmiðlunar á Íslandi.
- RÚV er uppbyggilegt hreyfiafl og leitar eftir samvinnu og samtali við ólíka aðila í samfélaginu í samræmi við hlutverk, stefnu og framtíðarsýn. Allt starf RÚV miðar að því að skila auknu virði út í samfélagið.
- Mikilvægt er að í samfélaginu sé skilningur á hlutverki og sérstöðu RÚV. Með gagnkvæmum skilningi skapast vettvangur til að skilgreina samstarfsfleti.
- RÚV er opinn og aðgengilegur vettvangur hugmyndaþróunar og lifandi samstarfs.
- RÚV kappkostar að sameina þjóðina, hvort sem er hversdags eða á stórum stundum.
- Samstarf RÚV um dreifingu og tækniþróun byggist á fýsileikakönnunum þar sem meðal annars er horft til þess hvort slíkt sé hagkvæmt eða líklegt til að bæta þjónustu eða dreifingu.

ÁHERSLUR Í INNRA STARFI

UPPBYGGING HÆFNI OG MANNAUÐS

- Störf í fjölmiðlun eru í sífelldri framþróun í takt við örar breytingar á tækni og samfélagi. Hver og einn starfsmaður ber ábyrgð á að þróa stöðugt þekkingu sína og færni.
- Skilin milli ritstjórnarvinnu og tæknivinnu eru að leysast upp. Þetta skapar ný og spennandi tækifæri í þróun og miðlun efnis.
- Samþætting tækni- og dagskrárhugsunar, breiðrar hæfni með djúpri þekkingu er lykillinn að bættri þjónustu RÚV til framtíðar. Áhersla er því lögð á að þróa hæfni alls starfsfólks til að vinna með nýja tækni sem vaxandi þátt í öllu starfi innan RÚV. Starfsfólk RÚV í dagskrárgerð og á fréttastofu vinnur sjálft efni sitt áfram til birtingar á vef.
- Efni er unnið heildstætt þvert á miðla þar sem tækni er leið að markmiðinu en ekki markmið í sjálfu sér. Þessi þróun kallar á nýja hugsun, innviði, færni, þjálfun og mönnun, þar sem teymi dagskrárgerðar- og tæknimanna bera sameiginlega ritstjórnarlega og tæknilega ábyrgð á þróun, fréttamiðlun og dagskrárgerð. Allt starfsfólk er þjálfað í vinnslu þvert á miðla.

Meginmarkmið:
Aukin tæknihæfni fyrir fjölbreyttari miðlun

- RÚV vinnur markvisst að þjálfun og fræðslu allra starfsmanna, með uppbyggingu RÚV–skólans. Uppbygging þjálfunar tekur í meira mæli mið af reynslu systurstöðva jafnframt því sem þekking innanhúss er nýtt til fullnustu.
- Skýrar kröfur eru gerðar til starfsmanna um hæfni þeirra og fagmennsku í starfi og hún er metin með reglubundnum hætti. Vandað er til innleiðingar nýrra kerfa og vinnubragða.
- RÚV fylgir skýru ráðningarferli þar sem störf eru skilgreind í takt við umfang og þróun starfseminnar. Ráðning miðar að því að fá til starfa hæfasta einstaklinginn sem uppfyllir jafnframt kröfur um fjölbreytni hópsins.
- Fagleg móttaka allra nýrra starfsmanna og öflug þjálfunaráætlun í upphafi starfs styður við kröfur RÚV um gæði og fagmennsku í allri starfsemi.

Meginmarkmið:
Skipuleg þjálfun og móttaka efld

Meginmarkmið:
Efling fagmennsku

VINNUBRÖGÐ UPPFÆRÐ OG TEYMISVINNA EFLD

- Fagmennska og nútímaleg vinnubrögð einkenna allt starf RÚV, ásýnd og samskipti starfsfólks. RÚV setur sér skýr viðmið þar að lútandi.
- RÚV leggur áherslu á að efla starfsemina og starfsmannahópinn með skýrri markmiðasetningu í verkefnum og mati á árangri þeirra. Ábyrgð og verklag er skýrt, vinnuferlar eru skráðir og sífellt endurskoðaðir og bættir. RÚV leggur áherslu á að samningar sem gerðir eru séu samræmdir og fylgi skilvirku og faglegu ferli.
- Markviss miðlun upplýsinga, sýnileiki verkefna og frumkvæði í starfi er á ábyrgð alls starfsfólks. Það miðlar upplýsingum um verkefni sín og viðfangsefni, árangur og markmið. Opið og hreinskilið samtal er lykill að umbótahugsun og einlægum vilja til að gera sífellt betur.
- RÚV gerir skýrar kröfur til starfsfólks en býður jafnframt upp á sveigjanleika í starfi, til að stuðla að jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Lögð er rík áhersla á að allir njóti tækifæra til þróunar í starfi. Vinnustaðurinn hvetur til kröftugs og skapandi félagslífs starfsmanna til að efla tengsl og starfsgleði.
- Vinnustaðurinn á að vera vera til fyrirmyndar hvað varðar hollustuhætti og tekur mið af samfélagslegri ábyrgð.

- RÚV leggur áherslu á gagnrýna hugsun, frjó samskipti og frumkvæði og lítur svo á að ólíkir styrkleikar einstaklinga séu frjór jarðvegur góðra hugmynda. Samsetning starfsmannahópsins endurspeglar íslenskt samfélag enda styrkir fjölbreytileiki starfsfólks starfsemina. RÚV starfar eftir gegnsærri launastefnu og er jafnlaunavottaður vinnustaður.
- Teymisvinna einkennir starfsemi RÚV. Markmið sem starfsfólk setur sér og verkefnin sem það vinnur að styðja ávallt stefnu RÚV í heild. Forsendur fyrir vali verkefna eru gæði hugmyndar og samhljómur hennar við stefnu og þjónustuframboð RÚV.
- RÚV er mikið í mun að starfsfólk tileinki sér gildi RÚV, nálgist málefni á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og hafi vilja til stöðugra umbóta í samræmi við hlutverk fyrirtækisins. Lögð er áhersla á að efla heilbrigði starfsfólks með hreyfingu og heilbrigðum lífsstíl.

Meginmarkmið:
Öflugri liðsheild

- Hjá RÚV er lögð áhersla á faglega stjórnun og árangur í starfi. Skýrir mælikvarðar eru settir um hvort og hvernig árangri er náð. Það er í höndum starfsfólks að stuðla að góðum starfsanda, gagnkvæmri virðingu og öflugri liðsheild.
- Leiðtogar hópa og starfseininga hafa skýrt hlutverk, umboð til athafna og ábyrgð í heildarskipulaginu.
- Leiðtogar hafa þá færni sem þarf til farsællar forystu. Lögð er áhersla á að þeir sæki sér þann stuðning og þá þjálfun sem starfið krefst.
- Leiðtogar iðka gagnsæja stjórnun með skýrum samskiptum og góðu fordæmi. Hvatt er til frumkvæðis og hreinskiptni í umræðu um verkefni og viðfangsefni.

Meginmarkmið:
Bætt leiðtogafærni



Meginmarkmið:

- Uppbygging stafrænna innviða sem styrkja kjarnaferla og nýsköpun
- Rétt verkfæri

UPPFÆRUM KERFI

Stjórnskipulag RÚV og allt vinnuumhverfi er í auknum mæli stutt af stafrænum kerfum sem styðja við nýsköpun, þróun, upplýsingamiðlun, stjórnun verkefna og skráningu.

- RÚV býr yfir tækjabúnaði og tækniþekkingu sem uppfyllir kröfur samtímans um framleiðslu, á smáum sem stórum verkefnum. Tækni er forsenda skilvirkrar vinnu, framleiðslu dagskrár og í vaxandi mæli alls viðmóts. Þessi tæknilegu verkefni eru ólík; tilgangur og nálgun önnur og mat verkefna og forgangsröðun því ekki eins. Áhersla er lögð á að kröfur, hæfni og þau verkfæri sem valin eru verði að haldast í hendur.
- RÚV beitir agaðri og nútímalegri fjármálastjórn sem styður við sköpun og fagmennsku í starfseminni. Áætlanir, skipulag og innri kerfi styðja við nýjar stefnuáherslur.
- RÚV vegur og metur hagkvæmustu og bestu leið við vinnslu hvers verkefnis, m.a. með hliðsjón af útvistun og samvinnu við sjálfstæða framleiðendur.

TRAUSTUR FJÁRHAGUR

- Traustur fjárhagur er grunnforsenda þess að RÚV geti uppfyllt hlutverk sitt og hrint þessari stefnu í framkvæmd.
- Traust langtímafjármögnun þarf að vera til staðar. Undanfarin ár hafa þjónustutekjur RÚV ítrekað verið skornar niður en nú hefur bæði náðst jafnvægi í rekstri og þjónustsamningur liggur fyrir þar sem tryggð er festa í fjármögnun RÚV út 2019.
- Stöðugar og fyrirsjáanlegar þjónustutekjur og svigrúm til eigin fjármögnunar þurfa að vera í samræmi við þau verkefni sem RÚV er ætlað að sinna. RÚV leggur áfram áherslu á hagkvæmni, kostnaðarvitund og ábyrgð starfsmanna. Hallalaus rekstur er forsenda fyrir starfi RÚV.
- Þróun þjónustu RÚV til framtíðar innan núverandi rekstrarramma leiðir óhjákvæmilega til breytinga á núverandi þjónustuframboði. Stefna RÚV gerir ekki ráð fyrir auknum umsvifum heldur breyttri forgangsröðun þeirra fjármuna sem fyrir liggja. Til að mæta nýjum þörfum kann að vera nauðsynlegt að draga úr eldri þjónustu, nema aukið fjármagn komi til.



AÐGERÐIR

Fjöldi aðgerða er fyrirhugaður í tengslum við nýja stefnu RÚV. Þær eiga sér öll skýr markmið, ábyrgðarmann og tímaramma. Hér getur að líta nokkrar helstu aðgerðir RÚV í tengslum við nýja stefnu á næstu tveimur árum:

1. Nýr spilari og bætt þjónustu í ólínulegum heimi

- Aðgengi Íslendinga að dagskrá RÚV verður bætt, einkum með þróun viðmóts og þjónustu á nýjum tæknivettvangi. Notendum er gert auðveldara að nálgast dagskrá RÚV þegar og þar sem þeir vilja í gegnum nýjan spilara sem birtist með sama hætti fyrir ólík tæki. Til viðbótar við víðtækt framboð efnis fyrir alla getur almenningur skilgreint áhugasvið með persónusniði og þannig fengið ábendingar um efni sem annars færi framhjá þeim.

Spilari í loftið fyrir 1/10/17, persónusnið tilbúið fyrir 1/3/18.

2. Opnari og gegnsærri dagskrárþróun og tilboðsgerð

- RÚV heldur áfram að kaupa meira af sjálfstæðum framleiðendum.
- Leitað verður með skipulögðum hætti eftir dagskrárhugmyndum og tillögum að dagskrárefni fyrir alla miðla, jafnt frá almenningi sem sjálfstæðum framleiðendum. Til viðbótar við markvissa móttöku slíkra erinda verður tvisvar á ári staðið fyrir opnum hugmyndakynningardögum fyrir dagskrárefni hvers miðils („pitch-dagar“).

Kaup af sjálfstæðum framleiðendum aukast í samræmi við tölulegan mælikvarða í þjónustusamningi.

Fyrstu „pitch-dagar“ allra miðla verða í haustið 2017 og svo tvisvar á ári eftir það.

3. Bætt þjónusta við fólk á aldrinum 15-29

- Fé verður flutt milli kynslóða með því að auka markvisst það fé sem lagt er í dagskrárefni fyrir aldurshópinn 15-29 ára. Ráðinn verður nýr verkefnastjóri sem hefur það verkefni að sníða þjónustu RÚV í heild að þörfum ungs fólks í samstarfi við ýmsa dagskrárstjóra. Farin verður svipuð leið og þegar KrakkaRÚV var stofnað, þ.e. hópurinn verður ryndur, kannað hvernig almannaþjónusta annars staðar þjónar þessum hópi og þannig verður hafist handa við að byggja upp dagskrá fyrir þennan hóp. Horft verður til allra miðlunarleiða en m.a. rýnt hvernig hægt er að bæta þjónustuframboð hljóðefnis.

Verkefnastjóri ráðinn sumarið 2017.

Framlag í dagskrárefni fyrir aldurshópinn eykst á árunum ´18 og ´19.

4. Bætt þjónusta við nýja Íslendinga

- Ráðinn verður verkefnastjóri sem hefur tvíþætt hlutverk til hagsbóta fyrir nýja Íslendinga sem hafa enn ekki náð fullkomnu valdi á íslenskri tungu. Annars vegar vinnur hann með dagskrárstjórum til að stuðla að því að dagskrá RÚV henti hópnum betur. Hins vegar að vinna fréttir og færslur á vef (og mögulega í aðra miðla) á öðru tungumáli en íslensku. Miðað sé við að gott aðgengi verði að helstu fréttum og sérstaklega þegar mikið liggur við. Metið verður hvort þjónustan verður á enskri tungu eða öðru tungumáli, s.s. pólsku.

Verkefnastjóri ráðinn á Q4 2017.

Efni aðgengilegt á erlendu tungumáli frá og með 10/1/18.

5. Fréttaþjónusta gerð snarpari með nýju fréttastúdíói og dýpri með breyttri forgangsröðun

- Nýtt fréttastúdíó gefur fréttastofunni færi á snarpari og fumlausari viðbrögðum. Auðveldara verður að komast í loftið hratt og örugglega. Einnig býður þetta upp á fjölgun einfaldra veffréttatíma þegar ástæða þykir til. Á sama tíma er mikilvægi þess að fara á dýptina undirstrikað með skarpari forgangsröðun og ritstjórn. Neytendamál eru meðal þess sem fréttastofan setur í forgang, sem og að sannreyna staðreyndir og að vera á staðnum sem næst viðfangsefninu með enn fleiri beinum útsendingum.

Nýtt fréttastúdíó í loftið 1. mars 2018, nýr fréttaskýringarþáttur í loftið haustið 2017.

6. Leikið efni – frekari sókn

- Aukning framlags til leikins efnis verður fest í sessi og aukið á tímabilinu með gegnsærri skipulagsskrá fyrir RÚV myndir sem stofnuð er sem deild hjá RÚV og handritaráðgjafi tekur til starfa. RÚV Sala verður formfest og hefur það markmið að auka sölu íslensks sjónvarpsefnis um allan heim og hafa klárari forsendur við uppsetningu samstarfsverkefna. Ávinningurinn af því skilar sér í enn meiri framleiðslu hjá RÚV myndum.

Handritaráðgjafi ráðinn fyrir 1/7/17.

Skipulagsskrár fyrir RÚV sölu og RÚV mynd tilbúnar fyrir 1/10/17.

Framlag til leikins efnis árið 2017 og 2018 er a.m.k. 200 m.kr. og eykst svo um 10% eftir það.

7. Menningarmiðlun bætt með nýjum menningarvef og samhæfðri ritstjórn

- Fjölbreytt menningarmiðlun RÚV verður enn öflugri og sýnilegri á nýjum menningarvef þar sem fjallað er á fjölbreyttan og vandaðan hátt um allar tegundir menningar og lista. Allir sem sinna menningarmiðlun á RÚV skila efni inn á vefinn og samhæfa efnistök í menningarþáttum RÚV.

Menningarvefurinn opnar 1/9/17.

8. KrakkaRÚV fest í sessi

- KrakkaRÚV hefur slegið í gegn frá því þjónustunni var hleypt af stokkunum haustið 2015. Verkefnið er fest í sessi með því að gera það að sérdeild í skipulagi RÚV og festa fjármagn til þess sem eykst á tímabilinu.

Framlag til KrakkaRÚV hækkar um 5% á ári frá og með árinu 2019.

9. Kerfi RÚV uppfærð

- Tækni- og þróunarkerfi RÚV verða uppfærð til að standa undir nútímalegum kröfum um skilvirkni í starfsemi og gæði þjónustu en á síðustu árum, á tímum ítrekaðs niðurskurðar, hefur skort á uppfærslu kerfa. Stafrænir innviðir verða byggðir upp.

Útsending RÚV og A stúdíó HD-vætt. Lokið fyrir 1/7/17.

Lokið við uppfærslu framleiðslukerfa og innviða 1/9/18.

10. Þjálfun og endurmenntun starfsfólks aukin með RÚV skólanum

Til þess að allt þetta og fleira geti gengið eftir leggur RÚV stóraukna áherslu á þjálfun starfsfólks. RÚV kappkostar að starfsfólk þess sé í stakk búið til að mæta örum breytingum í tækni og miðlun. Með því að uppfæra hæfni er tryggt að RÚV og starfsfólk þess standi undir kröfum samfélagsins og geti fylgt eigin stefnu eftir af öryggi og metnaði. RÚV skólinn myndar ramma utan um alla tækni-, nýliða- og leiðtogaþjálfun starfsfólks.

RÚV skólinn settur á laggirnar og nýliðaþjálfun hefst fyrir 1/7/17.

Tækninámskeið og leiðtogaþjálfun hefst fyrir 1/10/17.

11. Búnaður, aðstaða og þjónusta RÚV aðgengileg öðrum aðilum

- Stúdíó A, eina sérhæfða sjónvarps- og kvikmyndastúdíó landsins, og önnur tækniaðstaða verður aðgengileg til leigu fyrir sjálfstæða framleiðendur sjónvarps- og kvikmyndaefnis, hvort sem það er framleiðsla fyrir RÚV eða aðra.

- Sjálfstæðum framleiðendum kvikmynda- og sjónvarpsefnis býðst að nýta sér þjónustu RÚV Sölu (í samstarfi við DR Sales) um sölu efnis á erlendum vettvangi.

Þjónusta RÚV sölu aðgengileg framleiðendum frá 1/6/17.

Stúdíó A opnað til útleigu 1/9/17 skv. gjaldskrá.

12. Aukin samvinna við aðrar stofnanir og félög í samfélaginu um dagskrárgerð og miðlun

- Áfram verður samstarf um dagskrárgerð við ólíkar stofnanir í samfélaginu, s.s. mennta- og menningarstofnanir, aukið. Fýsileiki þess að bjóða öðrum miðlum að bjóða sína dagskrá í gegnum þjónustu RÚV verður metinn. Einnig verði metinn fýsileiki þess að gera öðrum miðlum kleift að nýta dagskrá RÚV til miðlunar í sínum miðlum.

Árlega verður boðið upp á a.m.k. 3 viðburði í samstarfi við menntastofnanir í landinu frá árinu 2018.

Kannaðir möguleikar á samstarfi við Háskólana og aðrar menntastofnanir. Greining liggur fyrir 1/6/18.

13. Unnið að því að nútímasaga þjóðarinnar verði yfirfærð á stafrænt form og miðlað úr Gullkistunni

- Tillaga og kostnaðaráætlun að því að yfirfæra allt safnaefni yfir á stafrænt form og gera Gullkistuna aðgengilega almenningi. Unnið verður að fjármögnun verkefnisins með það að markmiði að áætlun hafi verið samþykkt fyrir árslok 2018.

Tillaga og kostnaðaráætlun tilbúin og skilað til ráðuneytis 1/10/17.

Stefnt að undirritun samkomulags um verkefnið fyrir árslok 18.

14. Þróunar- og frumkvöðlastarf aukið markvisst

- Fjármagn og mannskapur verður markvisst flutt til í þróun og frumkvöðlastarf, þar á meðal hugbúnaðarþróun enda starfar RÚV í krefjandi umhverfi þar sem tækni- og samfélagsbreytingar eru örar. Metið verður hve fýsilegt er að setja á laggirnar sérstakt nýsköpunar- og þróunarteymi hjá RÚV sem starfar þvert á alla miðla, skv. fyrirmynd frá Danmörku og Belgíu.

Með breyttri forgangsröðun færast tvö stöðugildi í hugbúnaðarþróun 1/1/18.

Þróun eykst mögulega með nýju nýsköpunar- og þróunarteymi Q1 19.

15. Gamlar íþyngjandi skuldir félagsins endurskipulagðar

- RÚV hefur verið yfirskuldsett um árabil. Unnið verður að því að endurskipuleggja skuldir félagsins til að gera því kleift að takast á við krefjandi verkefni sem framundan eru. Stefnt verður að því að afborgunarferill af gömlu LSR láni verði gerður viðráðanlegri.

Málið hafi verið leyst með samkomulagi fyrir Q 4 2017.

Stefnumótun RÚV júní 2016 til maí 2017

Stýrihópur:
Hildur Harðardóttir
Ingólfur Bjarni Sigfússon
Steinunn Þórhallsdóttir
Valgeir Vilhjálmsson
Þóra Margrét Pálsdóttir

Vinnuhópur:
Anna Bjarney Sigurðardóttir
Einar Logi Vignisson
Frank Hall
Gunnar Örn Guðmundsson
Magnús Geir Þórðarson
Margrét Magnúsdóttir
Rakel Þorbergsdóttir
Skarphéðinn Guðmundsson
Þröstur Helgason

Ráðgjafar:
Ása Karín Hólm Bjarnadóttir, Capacent
Bragi Valdimar Skúlason
Þórður Sverrisson, Capacent
Héðinn Unnsteinsson

Hönnun:
Jón Þorgeir Kristjánsson
Pétur Stefánsson
Sigurður Ó.L. Bragason
Sævar Jóhannesson

Yfirlestur:
Anna Sigríður Þráinsdóttir
Bragi Valdimar Skúlason
Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir

Þessi stefna var samþykkt samhljóða í stjórn RÚV 26. apríl 2017

Stjórn:
Gunnar Sturluson, formaður
Friðrik Rafnsson
Guðlaugur G. Sverrisson
Jón Ólafsson
Kristinn Dagur Gissurarson
Lára Hanna Einarsdóttir
Mörður Árnason
Sjöfn Þórðardóttir
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
Valgeir Vilhjálmsson